


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
UPP183		
Kennsluáætlun (skólaárið 2014-2015)		

Kennari	Ásdís Birgisdóttir	Sk.st.	ÁSB
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Orðið mentor er alþjóðlegt og er notað um leiðbeinanda sem aðstoðar yngri, óreyndari aðila við að víkka sjóndeildarhringinn. Mentorverkefnið Vinátta byggir á þeirri hugmyndafræði að samskipti barns og mentors séu jákvætt innlegg í líf barnsins því mentorinn verði barninu fyrirmynd og veiti því stuðning. Tengslin sem myndast milli mentors og barns geti því bætt við möguleika barnsins við mótun sjálfsmyndar sem komi fram m.a. í auknum námsáhuga og árangri auk aukinnar lífsleikni. Þessi tengsl skapar mentorinn fyrst og fremst með því að skipuleggja uppbyggjandi og skemmtilegar samverustundir í samráði við barnið og foreldra þess. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars.

Í mentorverkefninu Vinátta, UPP183, eru gerðar kröfur til nemenda um að þeir setji sér skýr markmið, sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og séu skapandi í hugsun. Kennarinn hefur leiðbeinandi hlutverk sem felst í að leiða nemendur áfram, byggja upp rétt andrúmsloft þar sem ríkir gagnkvæm virðing, traust og stuðningur.

Nemendur mæta í einstaklings- og hópviðtöl til kennara (sjá dagskrá áfanga sem nemendur fá).

Markmið áfangans er að nemendur:

- Vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn
- Auki skilning á stöðu sinni og annarra í samfélaginu
- Fá tækifæri til að verða fyrirmynd og jákvætt afl í lífi grunnskólabarns
- Fá þjálfun í að setja sér markmið í námi
- Þjálfist í að meta eigin frammistöðu á gagnrýnin hátt
- Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum


Vinnulag:

Nemendur (mentorar) verja tveimur til þremur stundum á viku með grunnskólabarni í 4. bekk. Nemendur skila dagbókum þar sem samvistir nemenda og barna eru skráðar sem og mat nemenda á því hvernig samskiptin ganga (trúnaðarupplýsingar).

Nemendur mæta í einstaklingsviðtöl til kennara einu sinni á önn.

Nemendur mæta á sameiginlega fundi með öðrum mentorum á Akureyri (upphafsdagur, óvissufundur, jólaföndur, lokahátíð). Upplýsingar um þessa viðburði birtast á Moodle svæði áfangans. **Miðvikudaginn 1. október 2014** er stutt námskeið í VMA þar sem allir mentorar hittast og fara yfir fyrirkomulag vetrarins. Námskeiðið stendur frá kl. 16.15-17.30 , **skyldumæting**.

Upphafsdagur mentorverkefnisins þar sem allir mentorar og börn hittast, ásamt foreldrum og

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	UPP183	
	Kennsluáætlun (skólaárið 2014-2015)	

grunnskólakennurum, verður í Kvos MA þriðjudaginn 7. október klukkan 17-18. Stefnt er að því að lokahátíð verkefnisins verði um mánaðarmótin mars-apríl 2014.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með framvindu mála á Moodle!

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt		
Verklegt		
Skyndipróf		
Frammistaða á önn	Viðvera og þátttaka á hópfundum	10%
Munnlegt		
Annað	Samvera með skólabarni	50%
	Dagbækur	20%
	Ferilmappa/lokaritgerð	20%

Dagbók – skiladagar:

Dagbókum skal skilað í gegnum heimasvæði verkefnisins á Moodle.

Skiladagar:

1. dagbók 20. október 2014
2. dagbók 10. nóvember 2014
3. dagbók 1. nóvember 2014
4. dagbók 22. nóvember 2014
5. dagbók 19. janúar 2015
6. dagbók 9. febrúar 2015
7. dagbók 2. mars 2015

Lokaverkefni skil 17. apríl 2015

Nemendur þurfa að standast alla ofangreinda þætti til að ljúka námskeiðinu.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils